

Verk Höskuldar Björnssonar á Kjarvalsstöðum



Höskuldur Björnsson


LAUGARDAGINN 17. apríl kl. 14.00 verður opnuð sýning á verkum Höskuldar Björnssonar, þeirra er enn eru í eigu fjölskyldu hans.

Í ár verða 75 ár liðin frá fæðingu Höskuldar Björnssonar og af því tilefni er efnt til þessarar sýningar.

Höskuldur Björnsson var fæddur 26. júlí 1907 að Dilksnesi í Hornafirði og lést 2. nóvember 1963.

Höskuldur lærði teikningu hjá Ríkharði Jónssyni myndhöggvara veturinn 1925–1926. Hann naut einnig tilsagnar Jóns Stefánssonar listmálara 1928–1931.

Lengst af dvaldist Höskuldur í Austur-Skaftafellssýslu, þangað til hann fluttist búferlum til Hveragerðis, þar sem ekkja hans, Hallfríður Pálsdóttir, býr enn. Eftir lát eiginmanns síns breytti hún vinnustofu hans í notalega kaffistofu, þar sem gestir geta



Veigar Óskarsson, sem vann að uppsetningu verkanna á Kjarvalsstöðum ásamt Jóni Þórisyni, heldur hér á sjálfsmynd sem Höskuldur gerði á sínum tíma.

Ljós. Mbl. Rax

virt fyrir sér handbragð listamannsins. Þar getur að líta það sem helst einkenni Höskuldur Björnsson: rómantískar fugla- og landslagsmyndir auk mynda af gömlum byggingum, svo nokkuð

sé nefnt. Auk verkanna úr vinnustofunni verður fjöldi annarra, sem ekki hafa verið sýnd áður.

Alls verða um 150 myndir á sýningunni, sem lýkur 2. maí nk.

Ráðstefna um öryggi og afvopnun í Reykjavík

Fyrir frumkvæði nemendasambands Norska varnarmálaháskólans fer nú fram hér í Reykjavík ráðstefna um öryggi og afvopnun á norðursvæði Atlantshafsbandalagsins í Evrópu. Þátttakendur í ráðstefnunni eru um 50 frá Danmörku, Noregi og Íslandi auk fulltrúa herstjórna NATO í Norður-Evrópu og á Norður-Atlantshafi.

Grethe Værnó, þingmaður frá Osló, er ráðstefnustjóri og setti hún ráðstefnuna með ræðu á fimmtudagskvöldið en í gærmorgun, föstudag, flutti Ólafur Jóhannesson, utanríkisráðherra, ávarp við upphaf umræðna. Lagði ráðherrann áherslu á, að samhliða því sem Íslendingar gerðu þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar væru til að tryggja öryggi sitt, styddu þeir um leið allar skynsamlegar hugmyndir um afvopnun og vígbúnaðareftirlit, enda væri hér um eitt og sama markmið að ræða.

Að loknu ávarpi utanríkisráðherra tók Paul H. Speer, flotaforingi hjá Atlantshafsherstjórn NATO í Norfolk, til máls og skýrði hernaðarstöðuna á Atlantshafi. Sir Anthony Farrar-Hockley, yfirhershöfðingi Norðurherstjórnar NATO, sem bækistöðvar hefur í Kolsás, skammt frá Osló, flutti erindi um stöðuna á því svæði, sem herstjórn hans nær til og varnir þess. Síðdegis í gær flutti svo Björn Bjarnason, blaðamaður, erindi um öryggismál Íslands. Allir þessir ræðumenn svöruðu fjölmörgum spurningum ráðstefnugesta.

Ráðstefnunni verður fram hald-

Bláskógar með afmælisýningu

HÚSGAGNAVERZLUNIN Bláskógar á 10 ára afmæli um þessar mundir, og í tilefni af afmælinu gengst verzlunin fyrir húsgagnasýningu á morgun, sunnudag kl. 13–18 og alla næstu viku, á verzlunartíma.

Á sýningunni verður kynnt ný lína í húsgögnum, sem verzlunin hóf fyrir nokkru að selja. Er það aðallega dönsk og vestur-þýzk húsgögn, sígild nýtizku húsgögn, eins og eigendur verzlunarinnar orða það.

Verzlunin var nýlega stækkuð og eru húsgögn sýnd í 600 fermetra húsnæði, en alls hefur verzlunin yfir að ráða 1000 fermetra húsnæði undir starfsemi sína í Ármúla 8.

Aðaleigendur Bláskóga eru Bjarni Ólafsson og Kjartan Kjartansson.

id nú um helgina. Í dag, laugardag, er ráðgerð ferð til Keflavíkurflugvallar, þar sem kynnt verður starfsemi varnarliðsins. Þá mun Ib Faurby, framkvæmdastjóri dönsku öryggis- og afvopnunarnefndarinnar, flytja erindi um stefnu Norðurlandanna í öryggismálum og þau vídfangsefni, sem bera mun hæst á þessum áratug.

Á sunnudag verða afvopnarmál sérstaklega til umræðu og

mun þá Gunnar Gunnarsson, starfsmaður Öryggismálanefndar, fjalla um kjarnorkuafvopnun, og Haraldur Ólafsson, dósent, fjalla um starf Sameinuðu þjóðanna að afvopnun.

Ráðstefnunni lýkur á mánudag með umræðum um nýja kosti í afvopnarmálum. Málshefjandi verður Sverre Lodgaard frá friðarrannsóknastofnuninni SIPRI í Stokkhólmi.



Sir Anthony Farrar-Hockley flytur erindi sitt á ráðstefnunni um öryggi og afvopnun, sem nú er haldin í Reykjavík.



Séð yfir ráðstefnusalinn í Hótel Sögu. (Ljós. EBB).



Við sýnum SAAB á Akureyri

Laugardaginn 17. apríl frá kl. 10–17

Bifreiðaverkstæðinu Bláfelli sf Óseyri 5a.

Komið og skoðið SAAB – spyrjið sölumennina út úr og kynnist SAAB af eigin raun með því að prufukeyra.

TÖGGUR HF
SAAB
UMBODIÐ